

Eftir atvikum þykir rétt að taka kröfu stefnenda um vexti til greina frá birtingardegi stefnu 4. október 1960.

Þá þykir eftir atvikum rétt, að málskostnaður falli niður. Bjarni K. Bjarnason borgardómari kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Stefndi, Kristinn Guðbrandsson, greiði stefnendum, Bergi Lárussyni, Einari Guðmundssyni, Halldóri Daviðssyni, Halldóri Hávarðssyni, Helga Pálssyni, Júlíusi Lárussyni, Magnúsi Pálssyni, Magnúsi Sigurðssyni, Páli Þorgilssyni, Siggeiri Lárussyni og Vilhjálmi Eyjólfsyni, kr. 132.275.00 með 9% ársvöxtum frá 4. október 1960 til 29. desember 1960 og 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Málskostnaður fellur niður.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 13. marz 1964.

Nr. 99/1963. **Guðrún Sæmundsdóttir og Högni Jónsson**
(Högni Jónsson hdl.)

gegn

Ragnari Jónssyni (sjálfur).

Dómenndur:

hæstaréttardómaramirn Þórður Eyjólfsson, Gizur Bergsteinsson og Jónatan Hallvarðsson og prófessorarnirn Ármann Snævarr og Magnús P. Torfason.

Vixilmál.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjendur, Guðrún Sæmundsdóttir og sonur hennar, Högni Jónsson héraðsdómslögmaður, hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 31. júlí 1963 og krafizt þess, að þeim verði dæmd sýkna og að stefnda verði dæmt að greiða þeim málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess, að héraðsdómurinn verði staðfestur

og að áfrýjendum verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Áfrýjendur reisa vörn sína á því, að stefndi sé eigi réttur aðili máls þessa. Handhöfn stefnda á víxli þeim, sem í máli þessu greinir, er til komin fyrir eyðuframsal til innheimtu. Honum er því rétt í sjálfs sín nafni að innheimta víxilinn. Samkvæmt þessu ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma áfrýjendur til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 5.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjendur, Guðrún Sæmundsdóttir og Högni Jónsson, greiði stefnda, Ragnari Jónssyni, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 5.000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 25. maí 1963.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 17. maí s.l. að loknum munnlegum máflutningi, hefur Ragnar Jónsson hæstaréttarlögmaður, Reykjavík, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 14. febrúar 1962, gegn Guðrúnu Sæmundsdóttur, Reykjavíkurvegi 29, og Höгна Jónssyni héraðsdómslögmanni, Kirkjuhvoli, báðum í Reykjavík, til greiðslu víxilskuldar, að fjárhæð kr. 25.000.00, samkvæmt víxli, útgefnum 25. september 1961 af Guðrúnu Sæmundsdóttur og samþykktum af Höгна Jónssyni til greiðslu í Útvegsbanka Íslands, Reykjavík, 20. desember 1961, en á víxli þessum, sem afsagður var sökum greiðslufalls 22. desember 1961, eru útgefandi og Páll S. Dalmar ábekingar.

Hefur stefnandi krafizt þess, að stefndu verði in solidum dæmd til að greiða fjárhæð víxilsins, kr. 25.000.00, ásamt 9% ársvöxtum frá 20. desember 1961 til greiðsludags, $\frac{1}{3}$ % víxilfjárhæðarinnar í þóknun, kr. 121.00 í afsagnarkostnað og fullan málskostnað samkvæmt taxta L.M.F.Í.

Stefndu hafa krafizt sýknu af kröfum stefnanda og að þeim verði tildæmdur hæfilegur málskostnaður úr hendi hans.

Stefndu reisa sýknukröfu sína á því, að stefnandi sé ekki eig-

andi víxilsins, sem stefnt er út af, og því ekki réttur aðili þessa máls.

Við munnlegan flutning málsins gerði lögmaður hinna stefndu þá varakröfu, sem ekki var mótmælt af stefnanda að kæmi fram, að hvernig sem málið fari að öðru leyti, verði Guðrún Sæmundsdóttir sýknuð af öllum kröfum stefnanda, þar sem víxillinn muni ekki hafa komið í Útvegsbanka Íslands. Sé því afsögn víxilsins ógild gagnvart nefndri Guðrúnu, og hún því fallin út úr málinu sem víxilskuldari.

Eins og kemur fram af gögnum málsins, sbr. dómsskj. nr. 8, er stefnandi sjálfur ekki eigandi víxilkröfunnar, sem stefnt er út af í máli þessu. Hins vegar hefur því ekki verið haldið fram af hálfu hinna stefndu, að stefnandi sé ranglega að víxlinum kominn, heldur aðeins því, að hann sé ekki réttur aðili að málinu, þar sem hann sé ekki eigandi víxilsins, eins og áður greinir.

Samkvæmt 16. gr. víxillaga nr. 93/1933 og vottorði á dómsskj. nr. 8 í máli þessu er stefnandi réttur víxilhafi, þ. e. hann hefur fengið víxilin framseldan frá eiganda hans til innheimtu. Hefur hann því öll þau réttindi, sem víxillinn veitir samkvæmt 18. gr. víxillaga, þar á meðal að innheimta fjárhæðina og kvitta fyrir greiðslu hennar. Er stefnandi því réttur aðili víxilmálsins. Þess ber og að gæta, að stefndu leysast jafnt frá víxilskuldbindingu sinni, hvort heldur þau greiða stefnanda eða hinum raunverulega eiganda, enda hafa ekki neinar þær varnir komið fram af hálfu stefndu, sem þau gætu komið að gagnvart eiganda víxilkröfunnar, en ekki stefnanda.

Varðandi varakröfu lögmanns hinna stefndu um sýknu til handa Guðrúnu Sæmundsdóttur í máli þessu, vegna þess að afsögn víxilsins hafi ekki gildi gagnvart henni, svo sem að framan greinir, þykir nægja að benda á, að greiðslustaður víxilsins er í Útvegsbanka Íslands og að fyrir liggur notarialvottorð um afsögn hans þar, sem ekki hefur verið hnekkt. Verður því nefnt notarialvottorð talið full sönnun þess, að lögmaet afsagnargerð hafi farið fram, sbr. 2. mgr. 153. gr. og 158. gr. laga nr. 85/1936. Eru samkvæmt þessu ekki efni til að taka varakröfu lögmanns hinna stefndu til greina.

Samkvæmt framanrituðu verða því úrslit málsins þau, að kröfur stefnanda verða teknar til greina að öllu leyti.

Ber eftir þessari niðurstöðu að dæma stefndu til að greiða stefnanda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 3.800.00.

Valgarður Kristjánsson borgardómari kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Stefndu, Guðrún Sæmundsdóttir og Högni Jónsson, greiði bæði fyrir annað og annað fyrir bæði stefnanda, Ragnari Jónssyni, kr. 25.000.00 með 9% ársvöxtum frá 20. desember 1961 til greiðsludags, $\frac{1}{3}$ % fjárhæðarinnar í þóknun, kr. 121.00 í afsagnarkostnað og kr. 3.800.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa, að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 18. marz 1964.

Nr. 31/1964. **Landsbanki Íslands**
 gegn
Sigurbirni Eiríkssyni.

Dómendur:

hæstaréttardómararnir Þórður Eyjólfsson, Gizur Bergsteinsson og Jónatan Hallvarðsson og prófessorarnir Ármann Snævarr og Magnús P. Torfason.

Frestur veittur.

Úrskurður Hæstaréttar.

Þegar mál þetta var tekið fyrir í Hæstarétti 10. marz 1964, gerði stefndi kröfu til, að honum yrði veittur frestur til 1. maí 1964, svo að unnt yrði að sameina mál þetta málinu nr. 33/1964. Af hálfu áfrýjanda var frestveitingu til 1. maí andmælt og þess krafizt, að málinu yrði frestað til flutnings samkvæmt 47. gr. laga nr. 57/1962, enda hafði áfrýjandi þá fullnægt skilyrðum nefndrar greinar um framlagningu ágríps og greinargerðar. Tók Hæstiréttur málið til úrskurðar um þetta efni, og hafa aðiljar sent honum greinargerðir fyrir kröfum sínum.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar til staðfestingar fjárnámi, er gert var í eignum stefnda hinn 31. október 1963 samkvæmt dómi bæjarþings Reykjavíkur, er upp var kveðinn 2. október 1963 í máli áfrýjanda gegn stefnda. Stefndi hefur með áfrýjunarstefnu 21. febrúar 1964, að fengnu áfrýjunarleyfi sama dag, áfrýjað til Hæstaréttar til þingfestingar 1. maí 1964 fyrrgreindum bæjar-